**Nd. 718. Þingsályktun**

um síldarmjölsbirgðir til fóðurtryggingar á næsta vetri.

(Afgreidd frá Nd. 10. júní.)

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, eftir því sem við verður komið, að fyrir næsta vetur verði til í landinu nægar birgðir af síldarmjöli til skepnufóðurs, við hóflegu verði, svo og að ákvæðum laga nr. 41 12. júní 1939 verði fylgt, að því er snertir eftirlit með efnisinnihaldi og gæðum síldarmjöls.